Af hendi stefnds hefur engum andmælum verið hreyft.

Verður því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum af hendi stefnanda.

Að því er aðalkröfu stefnanda snertir, þá hefur stefnandi þrátt fyrir áskorun og bendingu dómarans eigi viljað eða getað frekar rökstutt 6000 kr. skaða þann, er hann telur sig hafa beðið við að fá ekki saltið og þannig orðið af söltun matjessíldar.

Verður því eigi hægt að taka aðalkröfu stefnanda til greina, vegna þess að hún er eigi nógu skilgreind.

Hins vegar verður, eins og málið liggur fyrir, að taka til greina varakröfu stefnanda kr. 1303.09, svo sem hún er sundurliðuð og rökstudd, eins og fyrr segir, ómótmælt af stefndum eða umboðsmanni hans og vöxtu 5% frá 11. sept. 1940.

Málskostnað þykir hæfilegt að stefndur greiði stefnanda með kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, útgerðarmaður Björn Gottskálksson, áður Hafnargötu 3, Siglufirði, greiði stefnandanum, Kristjáni Kjartanssyni, Siglufirði, kr. 1303.09 með 5% ársvöxtum frá 11. sept. 1940 og 200 kr. í málskostnað, en sé stefndur sýkn af frekari kröfu stefnandans.

Hið áfrýjaða ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1943.

Nr. 66/1942: **Einar Ágúst Einarsson**
gegn
Skarphéðni Jónssyni og dánarbúi Jóns Jónssonar.

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Sáttatilraun ekki lögskipuð í málum, sem ber undir merkjadóm Reykjavíkur. Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. júní 1942, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Hefur

hann krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað af nýju sökum þess, að sátta hafi ekki verið leitað með aðiljum. Stefndu hafa mótmælt ómerkingarkröfunni, og hafa aðiljar lagt þetta atriði sérstaklega undir dóm eða úrskurð.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35 frá 1914 þarf eigi að leggja til sátta mál þau, sem lögð eru til merkjadóms Reykjavíkur. Í 12. tölulið 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85 frá 1936 segir að vísu, að héraðsdómur leiti sátta í landamerkja- og fasteignamálum. En í greinargerð fyrir frumvarpi að lögum þessum segir, að 12. tölulíður hafi að geyma reglur gildandi laga, og vísar um það einungis til 8. gr. laga nr. 41. frá 1919. Er því sýnt, að ekki hefur verið tilætlun löggjafans að hreyfa við fyrrgreindu sérákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35 frá 1914, enda er það ákvæði ekki talið meðal þeirra laga fyrirmæla, sem berum orðum eru felld úr gildi með 224. gr. laga nr. 85 frá 1936. Hafa og haldizt óbreyttar ástæður þær, er lágu til grundvallar sérstöðu merkjadóms Reykjavíkur að þessu leyti. Heldur því nefnt sérákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35 frá 1914 enn gildi sínu. Samkvæmt þessu verður ómerkingarkrafan ekki til greina tekin.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir nauðsynlegt, að skýrslna sé aflað um, hvers konar umferð hafi verið tíðkuð af hálfu stefndu um stíg þann á landi áfrýjanda, er í málinu greinir, einkum hvort bifreiðar hafi farið þar um, og ef svo er, hversu mikið hafi að því kveðið og um hve langan tíma. Svo þykir og rétt, að aflað sé vitneskju um breidd sundsins milli húsa þeirra, sem merkt eru bókstöfunum A og B á héraðsréttarskjali nr. 3.

Því úrskurðast:

Framangreind ómerkingarkrafa verður ekki tekin til greina.

Afla skal skýrslna þeirra, er að framan getur.